

Bæjarstjórn - 1807, innanhústilkynning um afgreiðslu máls, 4 tillögur

Til : Rannveig Einarsdóttir
Frá : Auður Þorkelsdóttir
Heiti : Bæjarstjórn - 1807, innanhústilkynning um afgreiðslu máls, 4 tillögur
Málsnúmer : 1806356
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 26.06.2018 10:46:50
Höfundur : Auður Þorkelsdóttir

Á fundi bæjarstjórnar þ. 20.júní sl. var eftirfarandi tekið fyrir:

1806223 - Tillögur, lagðar fram í bæjarstjórn 20.júní

Einnig leggur Gauðlaug fram svohljóðandi tillögu:

"Fjölgun úrræða fyrir fólk með heilabilun

Óskað verði eftir samstarfi við félagasamtök (Alheimersamtökin) um opnun nýrrar dagdvalar fyrir fólk með heilabilun, til viðbótar við þá þjónustu sem veitt er í Drafnarhúsi og í þeim sama anda. Horft verði til þjónustukjarna við Sólvang varðandi staðsetningu."

Forseti ber upp tillögu um að framkominni tillögu verði vísað til **fjölskylduráðs** og er það samþykkt samhljóða.

Einnig leggur Guðlaug fram svohljóðandi tillögu:

"NPA samningar, fjölgun

Þegar í stað verði opnað fyrir fjölgun NPA samninga á vegum félagsþjónustunnar í Hafnarfirði, í samráði við notendur. Þjónustuformið NPA (notendastýrð persónuleg aðstoð) sem hingað til hefur verið rekið sem tilraunaverkefni hefur nú fengið stoð í lögum og hugmyndafræðin um sjálfstætt líf verið innleidd í öll ákvæði laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Jafn réttur íbúa bæjarins til að stjórna eigin lífi er forsenda þess að þjónusta bæjarins standist ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks um „að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima þar sem tiltekið búsetuform ríkir“."

Forseti ber upp tillögu um að framkominni tillögu verði vísað til **fjölskylduráðs** og er það samþykkt samhljóða.

Guðlaug leggur einnig fram svohljóðandi tillögu:

"Stefnumótun í búsetumálum fatlaðra

Farið verði í heildstæða stefnumótun í samráði við notendur um framtíðarfyrirkomulag búsetumála fatlaðs fólks í sveitarfélaginu, meðal annars með tilliti til þjónustu í eigin húsnæði. Farið verði yfir kosti og galla ólíkra búsetuúrræða og þarfagreining gerð á hverju úrræði fyrir sig. Niðurstöður vinnunnar verði hluti af húsnæðisstefnu Hafnarfjarðarbæjar, sem nú er í vinnslu."

Forseti ber upp tillögu um að framkominni tillögu verði vísað til **fjölskylduráðs** og er það samþykkt

samhljóða.

Þá leggur Guðalug fram svohljóðandi tillögu:

"Atvinnumál fatlaðs fólks

Aukinn verði stuðningur við atvinnumál fatlaðra í bænum, þannig að hjá Hafnarfirði sem vinnustað verði störfín fleiri og fjölbreyttari og á öllum sviðum starfseminnar. Gert verði tilraunaverkefni með kaffihús í anda GÆS í anddyri Ásvallalaugar, þar sem aðgengi er eins og best verður á kosið og aðstaða fyrir veitingasölu hefur verið til staðar frá opnun, en ekki verið tekin í notkun sem slík."

Forseti ber upp tillögu um að framkominni tillögu verði vísað til **fjölskylduráðs** og er það samþykkt samhljóða.

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)